


Hildigunnur Einarsdóttir

mezzósópran

Guðrún Dalía Salómonsdóttir

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 17. október 2023 kl. 20:00

Efnisskrá

- | | |
|----------------------------|---|
| Erik Satie
1866–1925 | Les Anges
<i>J.P. Contamine de Latour</i> |
| Maurice Ravel
1875–1937 | Sainte
<i>Stéphane Mallarmé</i> |
| Maurice Ravel | Cinq mélodies populaires Grecques
1. Chanson de la mariée
2. Là-bas, vers l'église
3. Quel galant m'est comparable
4. Chanson des cueilleuses de lentisques
5. Tout gai!
<i>Þýðing á frönsku: M.D. Calvocoressi</i> |
| Erik Satie | Elégie
<i>J.P. Contamine de Latour</i> |
| Henri Duparc
1848– 1933 | Chanson Triste
<i>Jean Lahor</i>
Lamento
<i>Théophile Gautier</i>
L'invitation au voyage
<i>Charles Baudelaire</i> |

Erik Satie Sylvie

J.P. Contamine de Latour

Olivier Messiaen Trois Mélodies

1908–1992

1. Pourquoi?

Oliver Messiaen

2. Le sourire

Cécile Sauvage

3. La fiancée perdue

Olivier Messiaen

Olivier Messiaen Vocalise - étude

Camille Saint Saëns

1835–1921

Mon cœur s'ouvre à ta voix

Úr óperunni Samson et Dalila

Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran lauk burtfararprófi frá Söngskól-
anum í Reykjavík undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og
Signýjar Sæmundsdóttur og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og Hol-
landi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Einnig hefur hún lokið
B.A. prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands hvar hún
sótti söngtíma hjá Hlín Pétursdóttur Behrens. Hildigunnur stjórnar Ár-
kórnum í Reykjavík og Kvennakórnum Kötlu ásamt Lilju Dögg Gunnars-
dóttur. Hún kennir söng við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og
Söngskólann Domus Vox. Hildigunnur hefur verið áberandi í kirkju-
tónlistarsenuinni og sungið einsöngshlutverk, meðal annars Messías og
Judas Maccabeus eftir Händel, Mattheusarpassíu, Jóhannesarpassíu og
Jólaóratoríuna eftir Bach og Guðbrandsmessu eftir Hildigunni Rúnars-
dóttur. Þá hefur hún einnig sungið einsöng, meðal annars með Sinfóníu-
hljómsveit Íslands, Barokksveitinni Brák og Kammersveit Reykjavíkur og
frumflutt fjölda verka, til dæmis eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Ingi-
björgu Ýri Skarphéðinsdóttur og Kolbein Bjarnason. Hildigunnur hlaut
Íslensku tónlistarverðlaunin 2023 fyrir söng ársins í floknum sígild og
samtímatónlist.

Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari er virk í íslensku tónlistarlífi
sem einleikari í ýmsum hljóðfærahópum og ekki síður sem meðleikari
söngvara. Hún stundaði píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá
Guðríði St. Sigurðardóttur og útskrifaðist frá Tónlistarháskólanum í
Stuttgart og fór síðan í framhaldsnám til Parísar. Hún hefur hlotið fjölda
styrkja og viðurkenninga, þar á meðal fyrstu verðlaun í píanókeppni
EPTA. Guðrún hefur sótt fjölda námskeiða og einkatíma í ljóðaundirleik
og leikið einleik með Ungfóníu og á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Ís-
lands. Þá hefur hún leikið með ýmsum samspilshópum, eins og Kúbus,
Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún tekur
reglulega þátt í tónleikaröðum, til að mynda Tíbrá í Salnum í Kópavogi,
Sumartónleikum Sigurjónssafns, Klassík í Vatnsmýrinni, Óperudögum,
Tónlist fyrir alla, Tónleikaröð Tónlistarfélags Akureyrar, Norrænum
músíkdögum og Myrkum Músíkdögum, en þar hefur hún frumflutt
fjölda verka eftir íslensk tónskáld. Út hafa komið geisladiskar með leik
hennar með sönglögum Jórunnar Viðar og Karls Ottós Runólfssonar.
Guðrún Dalía er píanóleikari við Tónlistarskóla Garðabæjar.